



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar**

Kópavogur hefur á undanförnum árum leitt okkur á framandi lendur og borið heimsmenninguna í túngarð bæjarbúa, kynnt siði og listsköpun fjarlægra þjóða, kraft frumbyggja í Kanada og drottunartíma keisara í Rússlandi og Kína.

Nú er komið að Ekvador, litadýrð og andstæðum rómönsku Ameríku. Menningarhátíðin hyllir að þessu sinni indíana úr frumskógum Amason og Andesfjöllum. Fornmunir frá blómatíma Inka birtast hér í Kópavogi. Sumir gerðir úr gulli, aðrir útsaumud klæði, vefnaður sem um aldir var stundaður í fjallaborpum.

Enn á ný ryður Kópavogur nýjar brautir, byggir brýr til fjarlægra álfa, færir til landsins listgripi og þjóðminjar sem minna okkur á hámenningu sem átti sér blómaskeið löngu áður en land okkar byggðist. Um leið gefst okkur kostur á að kynnast verkum hins virta málara og myndhöggvara Oswaldo Guayasamín sem ber hátt í samtímalist Suður-Ameríku.

Kópavogur á heiður skilinn fyrir frumkvæðið. Framlag bæjarins er burðarás í alþjóðlegum tengslum Íslendinga og veitir þjóðinni á hverju ári nýja sýn á veröldina.

(undirskrift)